



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu
Pétur Ingi Haraldsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

☎ Suðurlandsbraut 24

IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 27. apríl 2007

Tilvísun: UST20070200188/6aj


Efni: Breyting á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012, Kjarnholt í Biskupstungum.


Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa uppsveita Árnassýslu dags. 26. febrúar sl. þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um framangreinda breytingu á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps.

Í tillögu að breytingunni er gert ráð fyrir stækkun á svæði fyrir frístundabyggð. Stærð svæðisins er um 158, þar af 32 ha sem þegar hafa verið skipulagðir sem svæði fyrir frístundabyggð. Svæðið afmarkast af Tungufljóti að vestan og Einholtslæk að austan og sunnan og er þar ríkjandi mólendi með votlendisflákum á milli. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd njóta mýrar og flóar, 3 ha að stærð eða stærri, sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Að mati stofnunarinnar ætti því að forðast að skipuleggja frístundabyggð á votlendissvæðum. Tryggja ætti verndun votlendis með nánari útfærslu í skipulagi, t.d. með því að staðsetja byggingarreiti utan þeirra, og í skipulagsskilmálum.

Í skipulagsskilmálum er gert ráð fyrir að lóðir verði 5000 – 8000 m². Allt að 50% svæðisins verður nýtt undir frístundabyggð en að öðru leyti verður svæðið nýtt fyrir opin svæði og til beitar. Ekki verður byggt nær Tungufljóti en 50 m og ekki hindruð leið fótgangandi að fljótinu. Umhverfisstofnun telur jákvætt að nýta eigi helming fyrrgreinds frístundasvæðis undir opið svæði og telur að tryggja eigi aðgengi almennings um hið opna svæði í deiliskipulagi, t.d. með merkingu gönguleiða. Umhverfisstofnun bendir á varðandi notkun frístundasvæðisins til beitar ætti að fjalla um notkun girðinga eða takmarkanir á þeim. Í því sambandi bendir stofnunin á 23 gr. fyrrgreindra laga.

Virðingarfyllst


Olafur A. Jónsson
Sérfræðingur


Helgi Jensson
Forstöðumaður

Afrit: Skipulagsstofnun